

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 25. mars 2022.

Mál nr. 259/2021:

A

(Guðmundur Sæmundsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg

(Dagmar Arnardóttir lögmaður,

Anna Guðrún Árnadóttir lögmaður, 3. prófmál)

Lykilorð

Skaðabætur. Líkamstjón. Kjarasamningur. Slysatrygging. Gjafsókn. Sératkvæði.

Útdráttur

A höfðaði mál á hendur R og krafðist greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns sem A varð fyrir 2. september 2016 en A var starfsmaður R. Þann dag var haldinn starfsdagur á vinnustað A en slysið átti sér stað eftir að skemmtidagskrá starfsmannafélags vinnustaðarins hófst. Ágreiningur aðila laut að því hvort A hefði orðið fyrir slysi í starfi eða utan starfs og þar með hvort bótaréttur A og uppgjör vegna slyssins skyldi fara eftir reglum nr. 1/90 um slysatryggingar starfsmanna R vegna slysa í starfi eða reglum nr. 2/90 um slysatryggingar vegna slysa utan starfs. Fyrir lá að R hafði gert upp tjón A á grundvelli reglna nr. 2/90. Í dómi Landsréttar kom fram að skýrt hefði legið fyrir að formlegri dagskrá starfsdagsins hefði verið lokið er áfrýjandi varð fyrir slysinu. Með því hefði lokið viðveruskyldu A á vinnustaðnum. Var því ekki fallist á að slys A hefði verið vinnuslys í skilningi reglna nr. 1/90 um skilmála slysatryggingar starfsmanna R vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi. Var R því sýknaður af kröfum A.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 19. apríl 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 2021 í málinu nr. E-[...]/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 3.327.715 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. desember 2018 til 19. janúar 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 18. júlí 2019

að fjárhæð 1.261.311 krónur. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi lá skýrt fyrir að formlegri dagskrá starfsdagsins var lokið er áfrýjandi varð fyrir slysinu. Með því lauk viðveruskyldu áfrýjanda á vinnustaðnum. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 5 Málinu var ekki gagnáfrýjað af hálfu stefnda og kemur því krafa hans um málskostnað í héraði ekki til álita. Rétt er að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður. Um gjafsóknarkostnað áfrýjanda fer eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, A, fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningabókun lögmanns hennar, Guðmundar Sæmundssonar, 800.000 krónur.

Sératkvæði

Ásmundar Helgasonar

- 1 Ég er ekki sammála niðurstöðu meirihluta dómenda um að staðfesta skuli hinn áfrýjaða dóm. Þvert á móti tel ég að fallast beri á kröfu áfrýjanda með þeim rökum sem hér greinir.
- 2 Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi varð áfrýjandi fyrir slysi 2. september 2016 en hún starfaði þá sem leikskólakennari á leikskóla sem stefndi rekur. Á þeim tíma var í gildi kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara með gildistíma frá 1. júní 2015 til 30. júní 2019. Í 7. kafla kjarasamningsins er fjallað um slysatryggingar. Í skýringarramma í samningum segir að kaflinn eigi ekki við um starfsmenn stefndu heldur fari um tryggingar þeirra eftir fylgiskjali 4 með honum. Í fylgiskjalinu kemur fram að sérstakar reglur nr. sl-1/90 og nr. sl-2/90, sem samþykktar voru af borgarráði 5. júní 1990, taki til starfsmanna stefndu. Lýtur ágreiningur aðila að því hvort stefndu beri að greiða tryggingarbætur á grundvelli skilmálanna í sl-1/90 eða sl-2/90.

- 3 Í 1. mgr. 4. gr. sl-1/90 segir að trygging samkvæmt þeim reglum taki til slysa sem sá sem tryggður er verður fyrir „í starfi sínu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar síns og frá vinnustað til heimilis“. Áfrýjandi telur að líta verði svo á að hún hafi orðið fyrir slysinu í starfi sínu þannig að um bótarétt fari eftir reglum sl-1/90 meðan stefnda heldur því fram að slysið hafi orðið utan starfs og að um bótauppgjör fari eftir reglum sl-2/90.
- 4 Ágreiningslaust er að slysið sem um ræðir varð á vinnudegi áður en átta tíma viðveruskyldu áfrýjanda lauk samkvæmt ráðningarsamningi. Þá eru aðilar sammála um að slysið varð á vinnustað áfrýjanda í beinu framhaldi af því að dagskrá lauk á skipulagsdegi leikskólans. Fyrir liggur að áður hafði yfirmaður áfrýjanda tilkynnt að formlegri dagskrá væri lokið og að við tæki skemmtidagskrá á vegum starfsmannafélagsins. Ekki verður ráðið af skýrslum, sem gefnar voru fyrir héraðsdómi, að þar með hafi þeir starfsmenn, sem enn höfðu viðveruskyldu samkvæmt ráðningarsamningi, verið leystir undan skyldum sínum svo óyggjandi sé. Af framangreindu leiðir að fara ber að skilmálum reglna sl-1/90 um bætur til áfrýjanda, enda verður að líta svo á að hún hafi enn þá verið „í starfi sínu“ þegar slysið varð. Þar sem ekki er ágreiningur um önnur atriði tel ég að taka beri kröfu áfrýjanda til greina.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 2021

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar sl., var höfðað 9. júní 2020. Stefnandi er A, [...], Reykjavík, en stefndi er Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tryggvagötu 11, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 3.327.715 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 19. desember 2018 til 19. janúar 2019, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð 1.261.311 krónur þann 18. júlí 2019. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

I

Málavextir

Tildrög máls þessa eru slys sem stefnandi varð fyrir 2. september 2016 við leikskólann [...] þar sem hún starfar sem leikskólakennari, en þann dag var starfsdagur í leikskólanum. Samkvæmt dagskrá starfsdagsins skyldi hann hefjast kl. 8:30 og ljúka 15:30. Síðasti dagskrárliðurinn var „hópefli“ en eftir það mun hafa tekið við dagskrá á vegum starfsmannafélags leikskólans. Slysið átti sér stað er stefnandi tók þátt í svokölluðum „blöðrubolta“ sem skipulagður var af starfsmannafélaginu.

Í stefnu er greint svo frá að um hafi verið að ræða „hópefli í lok starfsdags á vegum starfsmannafélags leikskólans“. Í miðjum leik hefði samstarfsmaður stefnanda hlaupið á hana með þeim afleiðingum að hún hefði fallið illa og hlotið alvarlegan áverka á vinstra hné. Sjúkrabíll hefði verið fenginn á vettvang og stefnandi verið flutt á bráðadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi til frekari aðhlyningar. Í ljós hefði komið að stefnandi hafði slitið krossband og hluta af innra hliðarbandi á vinstra hné ásamt því að hún hlaut skemmd í liðþófa. Stefnandi mun hafa verið óvinnufær með öllu í u.þ.b. tvo mánuði eftir slysið og hún gekkst síðan undir aðgerð á hné þann 1. febrúar 2017.

Á slysdegi var stefnandi starfsmaður stefnda, Reykjavíkurborgar, og slysatryggð samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara. Slysið var tilkynnt til embættis borgarlögmanns með tölvuskeyti lögmanns stefnanda 14. nóvember 2016. Kom þar fram að slysið hefði orðið með þeim hætti að starfsmenn hefðu verið í blöðrubolta á starfsdegi leikskólans er stefnandi var „tæklud“ illa af samstarfsmanni sínum. Í móttökubréfi embættis borgarlögmanns 16. nóvember 2016 kom fram að slysið hefði verið skráð hjá embættinu. Þá sagði að í tilkynningu hefði komið fram að slysið hefði átt sér stað á vinnutíma og um það giltu því reglur nr. 1/90 um slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi með þeim fyrirvörum um uppgjör bóta sem þar kæmu fram. Jafnframt var vakin athygli á því að með bréfinu væri engin afstaða tekin til hugsanlegrar bótaskyldu stefnda enda yrði ekki unnt að leggja mat á hana fyrr en öll gögn og upplýsingar lægju fyrir.

Slysið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands 20. september 2016 og er tilkynningin undirrituð af stefnanda og leikskólastjóra [...]. Í lýsingu á tildrögum slyssins segir: „Hópefli/starfsdagur 2. sept. 2016 starfsmaður datt illa með þeim afleiðingum að hún sleit liðband, krossband og brákaði liðþófa.“ Við skýrslutöku leikskólastjórans fyrir dóminum kom fram að þessi lýsing á aðdraganda slyssins væri ekki alls kostar nákvæm.

Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins 21. september 2016. Þar er slysinu lýst á eftirfarandi hátt: „Það var starfsdagur fyrir starfsmenn og vorum með hópefli úti á lóð við leikskólann í alls konar leikjum. A og annar starfsmaður áttu að keppa með því að hlaupa stutta leið með þeim afleiðingum að hún rennir [svo] til og fellur illa niður og getur ekki staðið upp. Við báðum um sjúkrabíl sem kom og fór með A upp á slysideild. A reif í sundur krossband og liðband ásamt brjóska sem er á milli liða.“ Við skýrslutöku af leikskólastjóranum fyrir dóminum kom fram að hún hefði aflað sér upplýsinga um hvernig standa bæri að slíkri tilkynningu og þess vegna hefði það ekki verið gert strax eftir slysið og að það hefði verið hennar frumkvæði að senda hana inn og að hún hefði fyllt inn lýsingu á tildrögum slyssins.

Sjúkratryggingar Íslands féllust 24. október 2016 á að slysið teldist bótaskyldt samkvæmt lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Var það mat læknis stofnunarinnar að varanleg læknisfræðilega örorka stefnanda vegna slyssins væri 15% og mun mál hennar hafa verið gert upp í samræmi við það.

B bæklunarlæknir mat afleiðingar slyssins og í matsgerð sinni 23. nóvember 2018 komst hann að þeirri niðurstöðu að varanleg læknisfræðilega örorka stefnanda væri 15%.

Gerð var krafa 19. desember 2018 um uppgjör bóta úr sammingsbundinni slysatryggingu á grundvelli matsgerðarinnar. Afstaða stefnda var sú að um frítímaslys væri að ræða þar sem það hefði átt sér stað eftir að formlegri dagskrá á vegum vinnuveitanda var lokið. Starfsmönnum hefði ekki verið skylt að taka þátt í viðburðum á vegum starfsmannafélagsins og vinnutíma hefði verið lokið. Ekki hefði því verið um vinnuslys að ræða í skilningi reglna nr. 1/90 og færi því um uppgjör við stefnanda eftir reglum nr. 2/90 um slys utan starfs.

Bótauppgjör fór fram með fyrirvara við þá ákvörðun stefnda að gera bætur upp með vísan til reglna nr. 2/90 í stað reglna nr. 1/90 og áskilinn réttur til þess að sækja frekari bætur á grundvelli þeirra

síðarnefndu. Gengið var frá greiðslu bóta 18. júlí 2019 að fjárhæð 1.261.312 krónur vegna líkamstjóns stefnanda og vegna útlagðs kostnaðar að fjárhæð 275.091 króna, samtals 1.536.403 krónur.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja á því að slysið 2. september 2016 hafi átt sér stað í starfi hennar við leikskólann [...] hjá stefnda, Reykjavíkurborg. Því sé um vinnuslys að ræða í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 1/90 sem gildi vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi. Hún eigi því rétt til bóta á grundvelli þeirra reglna. Í 1. málslíð 1. mgr. 4. gr. reglnanna komi fram að tryggingin taki til slysa sem sá er tryggður er verður fyrir í starfi sínu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar síns og frá vinnustað til heimilis. Krafa hennar sé byggð á þeim reglum, Kjarasamningi SÍS fyrir KÍ vegna Félags leikskólakennara, og fylgiskjali 4 við hann sem geymi sérstök tryggingarákvæði fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar, og lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Stefnandi hafi verið metin til 15% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna slyssins.

Ágreiningur málsaðila lúti einvörðungu að því hvort slys stefnanda hafi átt sér stað í vinnutíma eða frítíma og hvort gera skuli upp slysabætur úr slysatryggingum starfsmanna stefnda, Reykjavíkurborgar, á grundvelli reglna nr. 1/90 eða 2/90 sem gildi um fyrrnefndar tryggingar.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að hún hafi orðið fyrir vinnuslysi 2. september 2016 og því falli atvikið undir gildissvið reglna nr. 1/90.

Því til stuðnings bendir stefnandi á að á slysdegi hafi verið haldinn skipulagsdagur á leikskólanum sem hafi átt að ljúka með hópefli. Stefnandi hafi hafið störf á [...] [...] ágúst 2016 og hafði því einungis starfað á leikskólanum í tæpan mánuð þegar skipulagsdagurinn fór fram. Stefnandi hafi verið í 100% starfshlutfalli á slysdegi og vinnutími hennar verið frá kl. 8:30 til 16:30.

Samkvæmt yfirliti yfir formlega dagskrá skipulagsdagsins hafi síðasti formlegi dagskrárliðurinn átt að vera hópefli frá kl. 13:30 til 15:30. Í kjölfarið hafi starfsmannafélag leikskólans tekið við og starfsfólki verið boðið að taka þátt í blöðrubolta í garðinum fyrir utan leikskólann. Stefnandi bendir á að það hafi verið sérstaklega mikilvægt að hún tæki þátt í allri dagskránni, enda nýr starfsmaður og mikil áhersla lögð á að hrista hópinn saman á umræddum skipulags- og starfsdegi. Stefnandi kveðst ekki muna eftir því að starfsfólk hafi verið upplýst um að formlegri dagskrá væri lokið um kl. 15:00 og því boðið að fara heim. Þvert á móti hafi hún upplifað áframhaldandi dagskrá starfsmannafélagsins sem hluta af starfs- og skipulagsdeginum og hópeflinu og þá hafi enginn farið heim fyrir utan einn starfsmann sem hafi verið í hlutastarfi.

Slys stefnanda hafi átti sér stað einhvern tíma á milli kl. 15:30 og 16:00 þennan dag eftir að blöðruboltinn hófst. Í tölvupósti frá leikskólastjóra [...] sé staðfest að slysið hafi átt sér stað innan átta tíma vinnutíma stefnanda. Þá liggja fyrir að þegar starfsmenn hefji störf við leikskólann verði þeir sjálfkrafa félagar í starfsmannafélaginu og að mælst sé til þess að þeir mæti á þessa viðburði enda séu þeir veigamikill þáttur í starfsanda vinnustaðarins.

Stefnandi vísar til þess að fallist hafi verið á bótaskyldu hjá SÍ á grundvelli þess að hún hafi orðið fyrir vinnuslysi og málið gert upp í samræmi við það. Að mati stefnanda styrki það enn frekar málatilbúnað hennar, enda sé stuðst við sömu atriði hjá stefnda Reykjavíkurborg og hjá SÍ þegar lagt sé mat á það hvort um vinnuslys sé að ræða. Slys stefnanda hafi bæði verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins og SÍ sem vinnuslys, með undirritun frá stjórnendum leikskólans, f.h. stefnda Reykjavíkurborgar. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins sé skráð að slysið hafi átt sér stað í dagvinnu, við hópefli á starfsdegi við útisvæði við leikskólann [...] kl. 15:30. Í tilkynningu til SÍ sé hakað við að slys hafi orðið við vinnu, á vinnutíma, í hópefli/starfsdegi 2. september 2016. Í læknisvottorði til atvinnurekanda vegna fjarvista frá 6. september

2016 komi skýrt fram að stefnandi sé óvinnufær með öllu til starfa sem leikskólakennari vegna vinnuslyss. Þá sé enn fremur vísað til vinnuslyss í óvinnufærnivottorði frá 27. september 2016 og í læknisvottorði 3. október 2016.

Stefnandi byggir á því að í ljósi framangreinds sé ljóst að um vinnuslys hafi verið að ræða, enda hafi það átt sér stað í vinnutíma hennar, á vinnustað, er henni var ætlað að vera að störfum. Stefnandi ítrekar að skipulagsdagar og hópefli séu mikilvægur liður í starfi allra kennara og leikskólakennara og gegni m.a. því hlutverki að hrista hópinn saman og auðga starfsandann. Á slysdegi hafi í raun ekki verið um að ræða viðburð sem hafi verið utanaðkomandi og ótengdur starfsdeginum sem slíkur og fólk hafi í sjálfu sér ekki haft raunverulegt val um það hvort það kærði sig um að taka þátt eða ekki. Þvert á móti hafi verið um að ræða skipulagða dagskrá í beinu framhaldi af starfsdeginum sem svo gott sem allir starfsmenn hafi tekið þátt í. Þá telur stefnandi ekki skipta máli að starfsmannafélagið hafi skipulagt umræddan blöðrubolta enda verði starfsfólk sjálfkrafa félagar í starfsmannafélaginu er það hefur störf við leikskólann og viðburðurinn hafi ekki verið sérstaklega aðgreindur frá dagskrá fyrir um daginn.

Þá beri tölvupóstur leikskólastjóra með sér að ekki sé beinlínis hægt að þvinga fólk til að taka þátt í hópefli, en það sé sannanlega mælt til þess. Með öðrum orðum sé það mat stefnanda að ætlast hafi verið til þess að starfsfólk tæki þátt í starfsdeginum í heild sinni ásamt hópeflinu í framhaldinu. Öðru máli hefði gegnt ef um hefði verið að ræða sérstakan utanaðkomandi viðburð, skipulagðan af starfsmannafélagi sem þurft hefði að skrá sig sérstaklega í og átt hefði sér stað utan vinnutíma og fjarri vinnustað. Þegar litið sé heildstætt á atvik að öllu leyti telur stefnandi því ljóst að slys hennar hafi átt sér stað í vinnutíma og því sé fyrir hendi réttur til uppgjörs slysabóta samkvæmt reglum nr. 1/90.

Dómkrafa stefnanda sé því vegna bóta samkvæmt reglum stefnda nr. 1/90 og séu bætur reiknaðar á grundvelli niðurstöðu matsgerðar þar sem fram komi að varanleg læknisfræðileg örorka hennar vegna slyssins sé 15%.

<u>Uppfærð váttryggingarfjárhæð (17.665.648*469,8÷374,1)</u>	kr. 22.184.767.-
15% af uppfærðri váttryggingarfjárhæð (15%*22.184.767)	kr. 3.327.715.-
Dómkrafa	kr. 3.327.715.-

Stefnandi gerir kröfu um vexti af dómkrofundi, skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá því að hún krafðist greiðslu á slysabótum þann 19. desember 2018, sbr. 4. mgr. 123. gr. laga nr. 30/2004. Stefnandi gerir kröfu um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, að liðnum mánuði frá þeim tíma, sbr. 9. gr. laganna og 2. málslíð 5. mgr. 123. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, þ.e. frá 19. janúar 2019 til greiðsludags.

Auk framangreinds kveðst stefnandi vísa til 7. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir Kennarasamband Íslands vegna Félags leikskólakennara frá 1. júní 2015 til 30. júní 2019, reglna nr. 1/90 um skilmála slysatryggingar vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og fylgiskjals 4 við hann. Þá vísar stefnandi til váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004 og meginreglna váttryggingaréttar. Um málskostnað vísar stefnandi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt byggist á ákvæðum laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveður málsatvik að mestu óumdeild og að ágreiningur aðila sé takmarkaður við það hvort stefnandi eigi rétt á bótum samkvæmt reglum nr. 1/90, um skilmála slysatryggingar starfsmanna stefnda

samkvæmt kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn stefnda verða fyrir í starfi, með vísan til þess að stefnandi hafi verið í starfi sínu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglnanna þegar hún hafi orðið fyrir slysi 2. september 2016 eða hvort stefnandi eigi rétt á bótum samkvæmt reglum nr. 2/90, um skilmála slysatryggingar starfsmanna stefnda samkvæmt kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs.

Í málinu sé ekki deilt um afleiðingar slyssins, en stefnandi hafi verið metin til 15% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna þess með matsgerð 23. nóvember 2018. Tjón stefnanda hafi verið gert upp á grundvelli reglna nr. 2/90 en stefnandi hafi gert fyrirvara við það uppgjör.

Stefndi kveðst mótmæla öllum kröfum og málsástæðum stefnanda sem ósönnuðum og röngum. Stefndi telur stefnanda þegar hafa fengið tjón sitt að fullu bætt.

Stefndi byggir á því að stefnandi eigi ekki rétt á greiðslu bóta úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu á grundvelli reglna nr. 1/90, þar sem slys stefnanda hafi ekki átt sér stað í starfi eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar eða frá vinnustað til heimilis.

Stefndi byggir þessa málsástæðu fyrst og fremst á því að er slysið varð hafi vinnutíma stefnanda verið lokið eftir að fyrir fram ákveðinni dagskrá á skipulagsdegi leikskólans [...], frá kl. 08:30 til 15:30, lauk og skemmtidagskrá starfsmannafélags [...] hófst á leikskólalóðinni í kjölfarið, eins og fram komi í tölvubréfum stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 29. janúar, 6. mars og 4. júní 2019.

Í stefnu komi fram að stefnandi hafi upplifað áframhaldandi dagskrá starfsmannafélagsins sem hluta af starfs- og skipulagsdeginum og að enginn hafi farið heim fyrir utan einn starfsmann sem hafi verið í hlutastarfi. Stefndi geti með engu móti fallist á þennan skilning stefnanda. Stefndi bendir á það að þegar dagskrá skipulagsdagsins lauk hafi leikskólastjóri upplýst starfsmenn leikskólans um að hinum formlega skipulagsdegi væri lokið og við tæki skemmtidagskrá starfsmannafélagsins á lóð leikskólans. Nokkrir starfsmenn hafi þá haldið heim á leið en aðrir starfsmenn farið inn í leikskólann til að fara í búninga þar sem það hafi verið hluti af skemmtuninni. Það liggi fyrir að starfsmannafélagið hafi á þessum tímapunkti boðið upp á áfenga drykki. Einhverjir af starfsmönnum leikskólans hafi fengið sér drykk en það liggi hins vegar ekki fyrir hvort stefnandi hafi neytt áfengis áður en blöðruboltinn byrjaði eður ei.

Í stefnu komi fram að starfsmenn verði sjálfkrafa félagar í starfsmannafélagi leikskólans þegar þeir hefji störf og að mælst sé til þess að þeir mæti á viðburði starfsmannafélagsins þar sem þeir séu veigamikill þáttur í starfsanda vinnustaðarinnar. Þessu sé í sjálfu sér ekki mótmælt af hálfu stefnda. Þegar starfsmenn byrji á nýjum vinnustað verði þeir iðulega félagar í starfsmannafélaginu nema þeir sérstaklega óski þess að verða það ekki. Þá skipti auðvitað máli fyrir starfsanda á vinnustað að fólk mæti á þær uppákomur sem starfsmannafélagið skipuleggi og taki þátt í þeim. Það sé samt ekki síður mikilvægt að starfsmannafélög skipuleggi mismunandi uppákomur þar sem það sé mjög mismunandi hvað henti ólíkum einstaklingum innan starfsmannahópa. Uppákomur á vegum starfsmannafélaga geti verið margs konar og skipulagðar á mismunandi tímum og stöðum. Það sé síðan starfsmanns að ákveða hvort og að hvaða marki hann taki þátt í þeim.

Það liggi að mati stefnda í augum uppi að þátttaka í fótbolta íklædd uppblásinni blöðru hafi ekki verið ein af starfsskyldum stefnanda sem leikskólakennara heldur hafi verið um valfrjálsa þátttöku starfsmanns í skemmtidagskrá starfsmannafélags leikskólans að ræða.

Það sé þó óumdeilt að stefnandi hafi í umrætt sinn orðið fyrir slysi og að hún hafi á grundvelli starfs síns hjá stefnda verið slysatryggð allan sólarhringinn. Þar sem slysið hafi átt sér stað í leik utan vinnutíma hafi tjón hennar verið gert upp á grundvelli reglna nr. 2/90.

Stefndi kveðst hafna þeim sjónarmiðum stefnanda að það að fallist hafi verið á bótaskyldu hjá Sjúkratryggingum Íslands, á þeim grundvelli að stefnandi hafi orðið fyrir vinnuslysi, styrki málatilbúnað stefnanda, enda sé stuðst við sömu atriði hjá stefnda og Sjúkratryggingum Íslands þegar lagt sé mat á það

hvort um vinnuslys sé að ræða. Stefndi kveðst byggja á því að í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sé lýsing á tildrögum slyssins, orsök þess og hvernig það tengist vinnu stefnanda ónákvæm og þar með villandi. Stefndi bendi á að í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sé lýsing á því hvernig slysið hafi tengst vinnu og að um hópefli/starfsdag hafi verið að ræða. Stefndi kveðst telja ljóst að skipulögðum starfsdegi hafi verið lokið en skemmtidagskrá starfsmannafélagsins hafin með valfrjálsri þátttöku stefnanda og annarra starfsmanna leikskólans er stefnandi hafi orðið fyrir slysi.

Stefndi bendir á að í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins sé það sama upp á teningnum. Þar sé lýsing á tildrögum slyssins þannig að það hafi verið starfsdagur og hópefli úti á lóð við leikskólann sem hafi falist í alls konar leikjum. Ljóst sé að skipulögðu hópefli samkvæmt fyrirbyggjandi dagskrá skipulagsdagsins hafi verið lokið og skemmtidagskrá með valfrjálsri þátttöku starfsmanna hafin og því hafi slys stefnanda ekki átt sér stað í vinnutíma og ekki sé því fyrir hendi réttur til uppgjors slysabóta samkvæmt reglum nr. 1/90.

Með vísan til alls framangreinds og gagna málsins að öðru leyti telur stefndi að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi kveðst mótmæla dráttarvaxtakröfu stefnanda frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Stefndi vísi einkum til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara frá 1. júní 2015 til 30. júní 2019 og fylgiskjals 4, sem innihaldi sérstök tryggingarákvæði fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar, og reglna nr. 2/90, sem samþykktar voru í borgarráði 5. júní 1990, um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar samkvæmt kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs. Stefndi vísi einnig til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu líffeyrisréttinda, og laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi bóta úr hendi stefnda vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir 2. september 2016 en stefnandi var starfsmaður stefnda. Ekki er ágreiningur með aðilum um afleiðingar slyssins og líkamstjón stefnanda heldur er hann einskorðaður við það hvort bótaréttur stefnanda og uppgjör vegna slyssins skuli fara eftir reglum nr. 1/90 um slysatryggingar starfsmanna stefnda vegna slysa í starfi, eins og stefnandi heldur fram, eða reglum nr. 2/90 um slysatryggingar starfsmanna vegna slysa utan starfs. Fyrir liggur að stefndi hefur gert upp tjón stefnda á grundvelli síðarnefndu reglnanna.

Fyrir liggur að þann dag sem slysið varð var starfsdagur á vinnustað stefnanda sem staðið hafði frá kl. 8:30 um morguninn. Skyldi formlegri dagskrá ljúka kl. 15:30 með lið sem þar var nefnt „hópefli“. Fram er komið fyrir dóminum að dagskránni hefði lokið fyrir en áætlað var, líklega milli 15.00 og 15:30. Þá liggur fyrir að eftir að formlegri dagskrá lauk tók við skemmtidagskrá á vegum starfsmannafélagsins þar sem m.a. var boðið upp á svokallaðan „blöðrubolta“. Stefnandi slasaðist við þátttöku í honum og lýsti því svo fyrir dóminum að slysið hefði átt sér stað innan hálf tíma eftir að formlegri dagskrá lauk. Stefnandi lítur því svo á að hún hafi verið í starfi er hún slasaðist þar sem slysið hafi átt sér stað innan átta stunda vinnudags hennar. Auk þess hafi verið gert ráð fyrir að starfsmenn tækju þátt í dagskrá starfsmannafélagsins enda hefði vinnudeginum ekki verið lokið og enginn hefði farið heim nema örfáir starfsmenn sem ekki hafi verið í fullu starfi. Stefnandi hefur einnig talið að líta verði til þess að atvikið hafi verið tilkynnt sem vinnuslys til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands.

Stefnandi bar í skýrslu sinni fyrir dóminum að í lok starfsdagsins hefði starfsmannafélagið verið með „hópefli“ til að hrista fólk saman og boðið hefði verið upp á „blöðrubolta“ sem hún hefði tekið þátt í. Leikskólastjóri hefði gengið á milli deilda og tilkynnt að formlegri dagskrá væri nú lokið og við tæki dagskrá starfsmannafélagsins en búið hefði verið að skipta í lið. Er þessu lýst á nokkuð annan veg í stefnu þar sem fram kemur að stefnandi muni ekki til þess að starfsfólk hafi verið upplýst um að formlegri dagskrá væri lokið. Framburður stefnanda kemur þó heim og saman við framburð bæði leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir dóminum sem báru um það að starfsmönnum hefði verið tilkynnt að nú væri formlegri dagskrá lokið. Aðspurð fyrir dóminum hvort allir hefðu tekið þátt í „blöðruboltanum“ sagði stefnandi: „Nei, það er náttúrulega bara valkvætt hvort maður tekur þátt í því.“ Fram kom í skýrslu leikskólastjórans að allur gangur væri á því hvort allir starfsmenn tækju þátt í dagskrárliðum sem þessum og taldi hún að nokkrir starfsmenn hefðu ekki gert það í þetta sinn heldur haldið heim á leið. Þá verður skýrsla hennar fyrir dóminum ekki skilin svo að hún hafi litið svo á að dagskrá starfsmannafélagsins hefði verið hluti af starfsdeginum.

Með vísan til þess sem fram er komið fyrir dóminum verður að líta svo á að slys stefnanda hafi orðið er vinnuskyldum hennar var lokið þennan umrædda dag enda hafði leikskólastjóri tilkynnt að formlegum starfsdegi og dagskrá hans væri lokið. Þá verður að telja fram komið að engin skylda hafi hvílt á starfsmönnum til að taka þátt í þeirri dagskrá sem þá tók við og skipulögð var af starfsmannafélagi leikskólans heldur hafi þátttakan þvert á móti verið valkvæð. Skylda hafi á hinn bóginn verið til þess að taka þátt í dagskrá starfsdagsins sjálfs, m.a. þeim dagskrárlið sem kallaðist „hópefli“ og var lokið er stefnandi slasaðist. Víða í gögnum, m.a. tilkynningum til Vinnueftirlitsins og Sjúktrygginga Íslands, kemur fram að slys stefnanda hafi átt sér stað í „hópefli á starfsdegi“. Tekur dómurinn fram að telja verður það liggja fyrir í málinu með skýrum hætti að dagskrá starfsmannafélagsins, sem tók við eftir að formlegri dagskrá lauk, var ekki hópefli það sem verið hafði á dagskrá í lok starfsdagsins og heyrði undir formlega dagskrá hans.

Dómurinn fellst því ekki á að slys stefnanda umrætt sinn teljist vinnuslys í skilningi reglna nr. 1/90 um skilmála slysatryggingar starfsmanna stefnda vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi. Er því ekki unnt að líta svo á að stefnandi hafi slasast í starfi sínu hjá stefnda sbr. 4. gr. áðurnefndra reglna. Tilkynningar til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlits ríkisins, efni þeirra og aðdragandi að því að þær voru sendar, hafa ekki áhrif á þessa niðurstöðu eða hafa sérstaka þýðingu fyrir úrlausn málsins. Þá breytir þessu heldur ekki að stefnandi hafi fengið greitt úr sjúkratryggingum eins og um vinnuslys hafi verið að ræða eða að í upphaflegu bréfi stefnda 16. nóvember 2016, í tilefni af tilkynningu um slysið, hafi komið fram að um slysið færi eftir reglum nr. 1/90 um slys í starfi. Er til þess að líta að í tilkynningu stefnanda kom fram að slysið hefði orðið á starfsdegi leikskólans og þá sagði einnig í bréfi stefnda að þessi afstaða væri með fyrirvara um að það ætti eftir að afla frekari upplýsinga og gagna.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er sjónarmiðum stefnanda í málinu hafnað og stefndi sýknaður af kröfum hennar.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi útgefnu 7. janúar 2020. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar sem, með hliðsjón af tímaskýrslu, eðli og umfangi málsins, ákveðst 1.000.000 króna. Í samræmi við dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 4. október 2020.

Dómsorð:

Stefndi, Reykjavíkurborg, er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, Hildar Helgu Kristinsdóttur, 1.000.000 króna.